



Spáum 0,2% hækkun VNV í ágúst

Gangi spáin eftir lækkar ársverðbólgan úr 2,4 í 2,1%


Hagstofa Íslands birtir ágústmælingu vísitölu neysluverðs (VNV) miðvikudaginn 27. ágúst nk. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,2% hækkun vísitölu milli mánaða. Gangi spáin eftir mun ársverðbólgan lækka lítillega, eða úr 2,4% í 2,2%

Helstu áhrifavaldar á verðlag í maí


- Föt og skór hækka að jafnaði milli mánaða í ágúst vegna útsöluloka. Áhrif á VNV: +0,34%
- Skv. verðmælingu okkar hefur bensín lækkað um 2,4% og díselolía um 1,0% milli mánaða: Áhrif á VNV: -0,09%
- Skv. verðkönnun okkar hafa flugfargjöld til útlanda lækkað milli mánaða. Auk þess hefur sá liður hækkað tvo mánuði í röð, en hækkanir og lækkanir milli mánaða í þessum lið eiga það til að leita til baka. Áhrif á VNV: -0,16%

Verðbólga verður áfram undir markmiði


Bráðabirgðaspá Hagfræðideildar gerir ráð fyrir 0,4% hækkun í september, 0,1% í október og 0,2% í nóvember. Gangi spáin eftir mun ársverðbólgan í nóvember mælast 2,2%



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.